

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

65. fundur verkefnahóps BsVest, fundurinn er haldinn þann 19.12.2017. kl. 13:00.

Mættar í síma: Margrét Geirsdóttir, Arnheiður Jónsdóttir, María Játvarðsdóttir og Guðný Hildur Magnúsdóttir, Aðalsteinn Óskarson framkvæmdastjóri BsVest og Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest sem ritaði einnig fundargerð.

1. Erindi frá félagsþjónustunni við Djúp.
2. Fjárhagsáætlun 2018.
3. Horft til framtíðar, skipulagsbreytingar innan BsVest.

Dagskrá:

1. Erindi frá félagsþjónustunni við Djúp.
Verkefnastjóri greinir frá kostnaðaraukningu í fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 2018, (einnig inn í drögum að fjárhagsáætlun BsVest 2018) verkefnahópur samþykkir erindið með fyrirvara um að greina nánar kostnað á skyldum félagsþjónustu sveitarfélaga og því sem tilheyrir undir málefni fatlaðs fólks.
2. Fjárhagsáætlun 2018
Verkefnastjóri fer yfir drög að fjárhagsáætlun 2018 og kemur á framfæri ánægju með framkvæmdir Ísafjarðarbæjar í átt til hagræðingar í málaflokknum. Umræður áttu sér stað á fundinum en verkefnahópur leggur til við stjórn að samþykkja fjárhagsáætlun BsVest 2018.
3. Horft til framtíðar, skipulagsbreytingar innan BsVest
Verkefnastjóri fer yfir gang mála síðastliðna daga. Verkefnastjóri kynnti breytingar á skipulagi skrifstofu BsVest, þar sem verkefnastjóri myndi vinna nánar með sveitarfélagunum, og fengi þær upplýsingar sem hann þarf til þess að samvinna milli félagsþjónustunnar og BsVest verði sem best, hægt væri að nýta verkefnastjóra í ráðgjöf og önnur tilfallandi mál sem snúa að málefnum fatlaðra. Verkefnastjóri getur unnið þau mál sem hann vinnur dagsdaglega á skrifstofu sinni hjá sveitarfélagunum, átt í samskiptum við ríkið og ráðuneytin ásamt því að sinna daglegum rekstri málaflokksins. Verkefnahópur tók vel í þessa hugmynd verkefnastjóra og fagnar öllum hugmyndum um nánara samstarf og breytingar til hins betra.

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest